

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 19. nóvember 1992

um gagnasafn með skilyrðum bandalagsins fyrir innflutningi, eins og kveðið er á um í Shift-áætluninni

(92/563/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin), breytingu á tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE, 92/628/EBE og ákvörðun 90/424/EBE, og um niðurfellingu á ákvörðun 88/192/EBE ⁽¹⁾, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að setja upp gagnasafnið sem um getur í 4. gr. og 1. lið II. viðauka við ákvörðun 92/438/EBE og til að það komi að góðum notum er nauðsynlegt að ákveða eiginleika, innihald og skilyrði fyrir uppsetningu og notkun gagnasafnsins.

Framkvæmdastjórnin skal sjá um að skipuleggja notendakerfi fyrir gagnasafn bandalagsins og skal taka tillit til þeirra stýrikerfa sem eru notuð í aðildarríkjunum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari ákvörðun merkir „gagnasafn bandalagsins“ gagnasafn með skilyrðum bandalagsins fyrir innflutningi frá þriðju löndum á lifandi dýrum og afurðum úr dýrarákinu.

2. Gagnasafn bandalagsins skal vera venslagrunnur. Notandinn skal hafa skjótan og auðveldan aðgang að þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins.

2. gr.

Í gagnasafni bandalagsins skulu vera þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar 92/438/EBE. Enn fremur skulu þar vera upplýsingar um sérstök innflutnings-skilyrði er varða aðildarríki, hluta aðildarríkis og tilteknar starfsstöðvar.

3. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á að skipuleggja notendakerfi fyrir gagnasafn bandalagsins.

2. Skipulagningin sem um getur í 1. mgr. skal fela í sér:

— lýsingu á skipan gagnasafns bandalagsins,

— skilgreiningu og framkvæmd þeirra tæknilegu atriða sem eru nauðsynleg fyrir rekstur gagnasafnsins.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. nóvember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27.